

Leiðsagnarmat og matskvarði

Leiðsagnarmat á m.a. að auðvelda kennaranum að fylgjast með stöðu nemandans og gefa honum leiðbeinandi endurgjöf sem er líkleg til að stuðla að betri árangri í námi. Það þarf að vera fjölbreytt og uppbyggilegt. Það sem hefur reynst mér vel í náttúrufræði og fleiri greinum er að spyrja í lok tímans: Hvað hafið þið lært í þessum tíma? Oftast spyr ég yfir bekkinn. Gott er að skrá helstu atriði sem koma frá nemendum á töfluna og ætla sér tíma í umræður, en þær geta oft verið líflugar og skemmtilegar.

Það er líka gagnlegt að vera með litla miða þar sem nemendur svara spurningunni: Hvað lærðir þú í tímanum?, Hvað lærðir þú í dag? eða Hvaða orð lærði þú í tímanum í dag? í 1-3 setningum.

Ég lærði _____ í dag.

Ég lærði _____ í dag.

Ég lærði _____ í dag.

Þetta gefur upplýsingar um hverjir hafa náð því sem verið var að fjalla um, hverjir þurfi meiri athygli eða bara ábending um að finna nýjar leiðir í kennslunni. Miðann fá nemendur til baka í næsta tíma. Allir fá broskarl á blöðin sín með uppbyggilegum og leiðbeinandi athugasemdum. Þetta var í mínum huga leiðsagnarmat eða í það minnsta einstaklingsmiðuð athygli, hvatning og leiðsögn. Allir fara með broskarl heim með leiðbeinandi og uppbyggilegum athugasemdum.

Þegar ég hafði lokið umfjöllun um heilann í líffræði lagði ég stutt námsmatsverkefni fyrir í lok tímans. Nemendur fengu að vita í upphafi tímans að ég ætlaði að hafa „miða“ og minnti nemendur á orðin : **horfa, hlusta, spyrja, lesa og vinna.**

Heilinn



Nafn: _____

1. Hvaða orð manstu sem tengjast heilanum?

2. Skrifaðu tvær setningar um sem tengjast heilanum, mundu stóran staf og punkt.

Þetta gekk mjög vel. Ég fór yfir blaðið með hverjum nemanda og allir fengu stjörnu og munnlega umsögn. Orðin sem nemendur skráðu voru flest 12 en fæst 1. Allir, nema einn, gátu skrifað tvær setningar um heilann. Þetta leiðsagnarmat er hægt að nýta í fleiri námsgreinum og breyta því og bæta. Það er gott að hafa úrvinnsluna mismunandi, stundum fá nemendur að vinna þetta heima og skila næsta dag. Stutt, einfalt sem virkar.

Matslisti í umræðum

Í kaflanum: Að efla faglegar umræður sagði ég frá matskvarða sem ég útbjó og notaði við mat á fagumræðu nemenda. Ég fann engan kvarða sem passaði við *umræður* svo ég útbjó einn slíkan, eftir þó nokkra leit og þælingar. Það má alltaf breyta honum í takti við viðfangsefnið. Ég passaði mig á því að hafa ekki oddatölu t.d. fimm dálka til þess að koma í veg fyrir að miðjan væri oftast valin.

Þarf frekari þjálfun	Viðunandi	Gott	Mjög gott
Leggur lítið til málanna og vill oftast sitja hjá.	Leggur nokkuð til málanna og reynir að útskýra með eign orðum.	Tekur virkan þátt, nýtir fagorð og þekkingu úr efninu/ tímanum.	Tekur virkan þátt og beitir fagorðum af þekkingu. Hefur góð tök á efninu og bætir við þekkingu.